

Mánudaginn 2. júní 1975.

Nr. 56/1975. **Jóhannes Pálsson**
 gegn
Magnúsi Oddssyni og
Maríu Sigurðardóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhannes Pálsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 3. júní 1975.

Nr. 4/1974. **Flosi Halldórsson**
 (Guðjón Steingrímsson hrl.)
 gegn
Fjármálaráðherra og ríkissaksóknara f. h.
ríkissjóðs
 (Sigurður Ólason hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Gæsluvarðhald. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. janúar 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. desember 1973. Krefst hann þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 5.000.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 12. desember 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi

til 15. júlí 1974 og með 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann þess til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar ásamt vöxtum eins og greinir í aðalkröfu, og til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Hann krefst og málskostnaðar sér til handa í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að hann samþykkir, að vextir verði dæmdir eins og greinir í aðalkröfu áfrýjanda. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi hækkaði kröfu sína úr 500.000 krónum í héraði í 5.000.000 krónur fyrir Hæstarétti. Stefndi andmælir þessari hækkun, og kemur hún eigi til álita hér fyrir dómi, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Málsaðiljar hafa lýst yfir því, að kostnaður áfrýjanda af málinu fyrir héraðsdómi, annar en málssóknarlaun, hafi numið 3.000 krónum.

Saksóknara ríkisins var stefnt í héraði „til að gæta réttar ríkisvaldsins í málinu, sbr. l. nr. 82/1961, 154. gr., 3. tl.“ Í greinargerð stefnda í héraði er því lýst, að litið sé svo á af hans hálfu, að saksóknara ríkisins sé stefnt í málinu f. h. ríkissjóðs, og var málið flutt á þeim grundvelli.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð frá lögreglunni í Hafnarfirði um aðbúnað gæsluvarðhaldsfanga í fangahúsinu þar.

Stefndi hefur hér fyrir dómi viðurkennt bótaskyldu sína gagnvart áfrýjanda.

Áfrýjandi sat í gæsluvarðhaldi samtals 4 vikur og sætti geðrannsókn þegar á því stigi máls. Þegar þessa er gætt svo og verknaðar þess, sem hann var sakaður um, þykja bætur honum til handa hæfilega ákveðnar 350.000 krónur. Ber að dæma stefnda til að greiða honum þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 12. desember 1961 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 82/1961, nú laga nr. 74/

1974, ber að dæma stefnda til að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda, 50.000 krónur.

Það athugast, að samkvæmt bókun í þingbók sakadóms Hafnarfjarðar 14. nóvember 1971 kom áfrýjandi eigi fyrir dómara, áður en gæsluvarðhaldsúrskurður var uppkveðinn yfir honum þann dag, og er það andstætt 1. málsg. 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 og 66. gr. laga nr. 82/1961. Í sama úrskurði mælti dómari fyrir um, að áfrýjandi skyldi sæta geðheilbrigðisrannsókn, og verður eigi séð, að til þess hafi þá verið efni.

D ó m s o r ð :

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði áfrýjanda, Flosa Halldórssyni, 350.000 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 12. desember 1971 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Stefndi greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 4. júlí 1973.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. júní sl., hefur Flosi Halldórsson, til heimilis að Vallargötu 18, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar með kröfugerð fyrir dómi og framlagningu skjala í dóm hinn 23. janúar sl. á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu bóta vegna ólögmatrar gæsluvarðhaldsvistar og gegn saksóknara ríkisins til þess að gæta réttar ríkisvaldsins, sbr. 3. tl. 154. gr. laga nr. 82/1961.

Dómkröfur stefnanda eru þær, „að stefndu verði gert að greiða kr. 500.000.00 auk 7% ársvaxta frá 12. desember 1971 til greiðsludags og að stefndu verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu,

eins og málið væri ekki gjafsóknarmál“. Í sókn, er lögð var fram af hálfu stefnanda 20. júní sl., gerir hann þær dómkröfur, að stefnda fjármálaráðherra f. h. rkissjóðs verði gert að greiða honum kr. 500.000 auk 7% ársvaxta frá 12. desember 1971 til 1. maí 1973 og 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og að stefnda verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu og að málskostnaður verði látinn niður falla, en til vara er krafist verulegrar lækkunar stefnukröfunnar.

Stefna í málinu er gefin út 2. janúar 1973, og virðist hún birt 12. janúar s. á. Málið var þingfest 23. janúar s. á., svo sem áður getur. Greinargerð af hálfu stefnda var lögð fram á bæjarþingi 20. mars sl. Var þá leitað sátta í málinu án árangurs og munnleg málsmeðferð ákveðin. Í því þinghaldi krafðist umboðsmaður stefnanda þess, að dómari sá, sem með málið fór, viki sæti. Með úrskurði, uppkveðnum 21. mars s. á., vék hinn reglulegi dómari sæti í málinu. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 9. apríl 1973, var undirritaður dómari skipaður til þess sem setudómari í Hafnarfirði að fara með mál þetta. Hann þingaði fyrst í málinu 18. júní sl., og var stefnandi þá yfirheyrður. Er munnlegur málflutningur skyldi fara fram 19. júní sl., var ekki sótt þing af hálfu stefnda og engin forföll boðuð af hans hálfu. Var þá ákveðin skrifleg málsmeðferð, og fékk umboðsmaður stefnanda frest til að skila sókn í málinu, er síðan var lögð fram í þinghaldi 20. júní sl. og málið þá dómtekið að kröfu umboðsmanns stefnanda.

Undirritaður dómari hefur einnig reynt sættir í málinu, en sú viðleitni hefur ekki borði árangur.

II.

Málavextir eru í stuttu máli þeir, að hinn 13. nóvember 1971 kærði faðir S, ... götu ..., Hafnarfirði, fæddrar ... 1961 stefnanda máls þessa vegna meintra kynferðismaka við hana. Samdægurs færðu tveir lögregluþjónar stefnanda til yfirheyrslu á lögreglustöðina í Hafnarfirði. Þar neitaði stefnandi öllum sakargiftum, sem á hann voru bornar í skýrslu, sem nefnd S hafði gefið fyrir rannsóknarlögreglu áður um daginn. Að nefndri yfirheyrslu lokinni var stefnandi settur í fangaklefa í lögreglustöðinni, en daginn eftir úrskurðaði dómari, að stefnandi skyldi sæta gæsluvarðhaldi allt að 14 dögum og hlíta á þeim tíma geðrannsókn. Þann 19. nóvember s. á. var stefnandi færður fyrir rétt, þar sem

hann ítrekaði neitun sína um að hafa haft kynmök við telpuna S eða nokkra aðra telpu. Hinn 24. sama mánaðar yfirheyrði dómari nefnda S, sem í réttinum skýrði frá samskiptum sínum við stefnanda að öllu leyti á sama hátt og í áðurnefndri skýrslu hjá rannsóknarlögreglu. Hinn 28. sama mánaðar var stefnandi aftur færður fyrir rétt, þar sem hann neitaði enn öllum sakargiftum. Í því þinghaldi var hann á ný úrskurðaður í 14 daga gæsluvarðhaldsvist, þ. e. til klukkan 1730 sunnudaginn 12. desember þ. á., svo og til að hlíta á þeim tíma geðrannsókn. Í þinghaldi 12. desember s. á. neitaði stefnandi enn sakaráburði, og var þá gæsluvarðhaldsvist hans aflétt, en áður hafði dómariinn lagt fyrir stefnanda að hlíta áframhaldandi geðrannsókn, sem ekki var að fullu lokið, og samþykkti stefnandi það. Þann 23. maí 1972 var enn þingað í málinu, og lagði þá dómariinn fram skýrslu um niðurstöðu geðrannsóknar.

Í málinu hefur verið lagt fram svofellt bréf saksóknara ríkisins til bæjarfógetans í Hafnarfirði, dags. 11. ágúst 1972: „Eftir viðtöku bréfs yðar, herra bæjarfógeti, dagsetts 9. júní sl., varðandi ásökun um brot Flosa Halldórssonar, bifvélavirkja, Gunnarssundi 1 í Hafnarfirði, gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skal hér með fram tekið, að eigi er af ákærvaldsins hálfu krafist frekari aðgerða í máli þessu“. Fyrir dómi hefur stefnandi hins vegar sagt, að hann hafi aldrei fengið af opinberri hálfu tilkynningu um, að eigi yrði um frekari aðferðir í umræddu máli gagnvart honum að ræða, en vitneskja um það, sem fram komi í umræddu bréfi saksóknara ríkisins, hafi honum fyrst borist frá lögfræðingi sínum og muni það hafa verið seint í október 1972.

Í málinu hefur verið lagt fram sakarvottorð stefnanda, dags. 9. febrúar 1973, og kemur þar fram, að stefnandi hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo kunnugt sé.

Verða nú málavextir ítarlega raktir, svo sem þeir koma fram í framlögðum gögnum.

Við áðurnefnda yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 13. nóvember 1971 sagði S, að þá fyrir um það bil þremur til fjórum vikum hafi hún verið hjá stefnanda. Hún hafi komið inn til hans um tíu sinnum. Fyrst hafi það verið árið áður, að hún hafi komið heim til hans ásamt tveim öðrum telpum. Þær hafi þá verið að sendast fyrir hann og hafi hann gefið hverri þeirra 10 krónur fyrir. Stundum hafi stefnandi kallað á hana, en stundum hafi hún farið óbeðin inn til hans og spurt, hvort hún ætti ekki að sendast fyrir hann, til þess að fá aura fyrir. Hún

hafi ca fjórum sinnum farið úr buxunum inni hjá stefnanda. Hann hafi aðeins einu sinni klætt hana úr þeim, en hún hafi sjálf farið úr þeim í hin skiptin og hafi þá stefnandi sagst ætla að gefa henni peninga. Tvisvar eða þrisvar hafi stefnandi beðið hana um að leggjast hjá sér upp í dívan inni hjá honum og hafi hún gert það. Hann hafi þá verið að nugga á sér kynfærin. Henni hafi þótt það vont, af því að hann hafi meitt hana, og stundum hafi hún fundið til í einn eða tvo daga á eftir. Einu sinni hafi stefnandi sett getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar og hafi það verið voða vont. Í þetta skipti hafi komið eitthvað hvítt úr getnaðarlimi mannsins. Stundum hafi stefnandi verið drukinn og í þetta sinn hafi hann verið undir áhrifum áfengis. Í þetta skipti hafi hann gefið henni 50 krónur, en annars frá 10 til 40 krónur, en auk þess hafi hann oft gefið henni sælgæti og kók, sem hún hafi drukkið í íbúð hans. Fyrir þennan tíma hafi stefnandi tvisvar lagst ofan á hana, en þá hafi hann ekki sett getnaðarlim sinn inn í hana. Hann hafi einungis hreyft sig ofan á henni, en ekki tekið getnaðarliminn út úr buxnaklaufinni. Stefnandi hafi beðið hana að segja ekki vinkonum sínum eða foreldrum frá þessu. Hún hafi fyrst sagt föður sínum frá þessu í hádeginu þennan dag, þ. e. þegar yfirheyrslan fór fram, því að hún hafi ekki þorað að segja frá þessu fyrr. Þá sagði nefnd S, að afi hennar hafi oft gert það sama við hana og stefnandi, og lýsti hún því nánar fyrir rannsóknarlögreglunni. Viðstödd yfirheyrsluna voru foreldrar S. Í lok yfirheyrslunnar sagði móðir hennar, að hún hafi orðið vör við útferð í buxum telpunnar fyrir stuttu síðan, en ekki hafi hún athugað, um hvað væri þar að ræða. Aldrei hafi hún séð blóð í nærbuxum hennar.

Framangreinda skýrslu staðfesti S fyrir dómi 24. nóvember 1971. Fyrir dóminum sagði hún og, að alrangt væri, að hún hefði hótað að kæra stefnanda. Þótt henni væri bent á, að stefnandi neitaði sakargiftum hennar, hélt hún fast við framburð sinn. Hún sagði að lokum, að hún hefði ávallt verið ein hjá stefnanda, er hann hefði haft kynferðisleg afskipti af henni.

R, fædd . . . 1958, systir S, sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 13. nóvember 1971, að hún hafi stundum verið að sendast fyrir stefnanda og þá hafi verið með henni S, systir hennar, og þrjár aðrar telpur. Stefnandi hafi gefið þeim kók og sælgæti og einnig hafi þær fengið að spila „bob“ inni hjá honum tvisvar eða þrisvar sinnum. Mest hafi stefnandi gefið þeim 10 til 20 krónur. Hún hafi aldrei verið ein hjá stefnanda og aldrei

hafi stefnandi gert henni neitt. Hann hafi ekkert káfað á henni eða svoleiðis og hún viti ekki, hvort hann hafi verið að káfa á hinum telpunum. S, systir hennar, segði henni aldrei frá neinu og þar á meðal ekki frá samskiptum hennar við afa þeirra eða að stefnandi hafi verið að káfa á henni, þ. e. S, og láta hana fara úr buxunum. Að öðru leyti snerist skýrsla nefndrar R um kynferðisleg afskipti afa hennar af henni. Ekki verður séð af málskjöllum, að nefnd R hafi komið fyrir dóm til skýrslugjafar.

Jónas Bjarnason læknir framkvæmdi lækniðsskoðun á systrunum S og R hinn 14. nóvember 1971. Í niðurstöðu vottorðs hans, dags. 16. nóvember 1971, segir orðrétt: „Ekkert óeðlilegt var að sjá við skoðun á ytri kynfærum þeirra. Enginn roði eða þroti í kringum fæðingarvegsop og meyarhaft órofið hjá báðum. Er meyarhaftið það þröngt hjá þeim báðum, að mitt álit er, að samlíf hafi ekki átt sér stað“.

Svo sem áður er getið, var stefnandi yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði 13. nóvember 1971. Eins og máli þessu er háttað, þykir rétt að taka upp í dóminn orðréttan framburð hans, sem var svohljóðandi:

„Mættur viðurkennir aðsp., að nefnd stúlka, sem kölluð er S, en hann viti ekki hennar fulla nafn, hafi 3—5 sinnum komið ein til sín í herbergi sitt uppi á lofti að Gunnarssundi 1. Aðsp. segir mættur, að hann hafi aldrei beðið S að koma til sín, en þó geti hann ekki fortækið, að er hann var veikur í fyrra, í ágúst, að hafa bankað í glugga hjá sér til að fá stúlkukrakka til að sendast fyrir sig. Hann hafi ekki komist í verslun sjálfur. Mættur kveðst ekki muna, hvort nefnd S var ein af þeim.

Mættur segir, að í þessi skipti, sem S hefur komið ein, hafi hún spurt, hvort hún ætti ekki að sendast fyrir mætta, en hann hafi ekki alltaf þurft á því að halda, en samt hafi hann gefið henni peninga og það gæti verið, að hann hafi gefið henni mest kr. 40.00 og þá til að fara í bíó.

Mættur kveðst aldrei hafa lagst með S upp í dývan og hún hafi aldrei farið úr buxunum hjá sér. Hann hafi aldrei farið fram á að hún gerði það og hún hafi ekki gert það ótilkvödd. Telpan hafi aldrei farið úr buxunum í sinni íbúð og þaðan af síður hafi mættur lagst ofan á hana eða haft mök við hana.

Mættur kveðst ekki hafa sett lim sinn inn í kynfæri telpunnar eða fingurna. Hún hafi ekki lagst upp í dývaninn hjá sér.

Mættur segir, að S hafi komið til sín fyrir ca. mánuði síðan og þá beðið sig um peninga, en hann hafi ekki viljað gefa henni

peninga, en ekki stoppað nema í einar 3—4 mín. Hún hafi ekki sest niður. Hann muni ekki, hvort hún kom inn fyrir hurðina, sem er í stiganum, en ekki upp í íbúðina. Mættur segir, að telpan hafi orðið reið, er hún fékk ekki peninga, og sagt, er hún fór, að þá kærði hún bara mætta. Mættur kveðst ekki vita, hvað telpan átti við eða fyrir hvað hún ætlaði að kæra sig.

Mættur kveðst segja sannleikann í máli þessu, hann skilji ekki, hvaðan telpan hafi þetta.

Mættur kveðst engin mök hafa haft við stúlku þessa, það hafi ekkert verið í þá átt“.

19. nóvember 1971 var stefnandi yfirheyrður fyrir dómi, svo sem einnig er áður getið. Svo sem mál þetta er vaxið, þykir enn fremur rétt að taka upp í dóminn orðréttan framburð hans, sem er svohljóðandi:

„Kærði skýrir svo frá, að hann hafi veikst um miðjan júlímánuð í fyrra og eftir um hálfan mánuð verið fluttur að Gunnarssundi 1, Hafnarfirði, þar sem hann hafi haft tvö risherbergi síðan og ekkert unnið, enda verið öryrki vegna bakveiki. Hann kveðst vera ókvæntur og barnlaus.

Kærði skýrir svo frá, að fljótlega eftir að hann fluttist að Gunnarssynda 1, hafi hann bankað í glugga á stúlkubörn, sem voru fyrir utan og fengið þær til að sendast fyrir sig. Þær hafi verið þrjár eða fjórar. Eftir þetta hafi einkum tvær af stúlkunum, S og R, farið oft í sendiferðir fyrir hann, enda hafi hann átt mjög erfitt með að hreyfa sig sakir veikinda sinna. Hann kveðst alltaf hafa gefið þeim peninga, kr. 10—20 fyrir sendiferðina, eða kóla eða sælgæti og hafi það orsakað, að þær buðust til þess að fyrra bragði. Einnig hafi dregið þær að skipsmódel, sem hann vann að. Hann kveður telturnar ávallt hafa verið tvær eða fleiri saman. Einhvern tíma seinni partinn í sumar kveður kærði S hafa komið til sín og boðist til að sendast fyrir sig, en hann sagt, að hann þyrfti ekki á því að halda, þar sem hann gæti sjálfur farið í búðir. Hann kveður hana hafa beðið sig um peninga engu að síður og hann gefið henni 10 krónur, en hún verið það ýtin, að hún hafi beðið um að fá aðrar 10 krónur, sem hún sá uppi á skáp.

Hann kveður hana hafa komið óbeðna í þetta sinn og hafi þá verið langt síðan hún hafði síðast komið til að sendast fyrir hann, enda hann löngu orðinn fullfær um það. Nokkru síðar hafi S komið aftur og boðist til að sendast, en hann sagt sem fyrr, að hann þyrfti þess ekki, en samt gefið henni að beiðni hennar kr. 30.00 fyrir bíó og sagt henni, að hún fengi ekki oftast peninga.

Eftir þetta hafi hún komið einu sinni og boðist til að sendast og jafnframt beðið um peninga, en sem fyrr hafi hann afþakkað og nú neitað að gefa henni peninga. Hafi hún þá reiðst mjög og sagt, að hún skyldi kæra hann. Þetta hafi verið fyrir um mánuði síðan og þannig hafi skilnaður þeirra orðið og eftir það hafi hann ekki séð hana.

Kærði kveðst ekki hafa gert sér neina grein fyrir því, fyrir hvað S hygðist kæra hann, enda hafi hann ekki vitað upp á sig neina sök. Hann neitar alfarið, ítrekað aðspurður og áminntur um sannsögli, að hafa haft nokkur kynferðisleg afskipti af S eða nokkurri annarri telpu“.

Í áðurnefndu þinghaldi 28. nóvember 1971, er stefnandi var í annað sinn yfirheyrður fyrir dómi, neitaði hann með öllu að hafa haft nokkur kynferðisleg afskipti af nefndri S eða öðrum telpum. Var honum kunngerður framburður S fyrir dómi og sagðist þá ekki skilja, „hvað telpunni hafi gengið til að ljúga öllu þessu“. Hann hafi aldrei snert hana, að því undanskildu, að hann hafi eitt sinn hindrað hana í að taka pening, sem hún hafi séð uppi á skáp í herbergi hans.

Er stefnandi var yfirheyrður fyrir dómi í þriðja sinn, 12. desember 1971, gerði hann ekki annað en að staðfesta fyrri framburð sinn í málinu.

Jóhannes Bergsveinsson læknir framkvæmdi geðheilbrigðisrannsókn á stefnanda samkvæmt beiðni í bréfi bæjarfógetans í Hafnarfirði, dags. 18. nóvember 1971. Í skýrslu læknisins, dags. 17. maí 1972, segir, að rannsóknin byggist á upplýsingum frá stefnanda sjálfum, tveimur bræðrum hans, kunningja hans allt frá æskuárum, meistara stefnanda í bifvélavirkjun og úr máls-skjölum, sem læknirinn hafi fengið til hliðsjónar við rannsóknina. Í skýrslunni er síðan rakin ætt og uppruni stefnanda, sem fæddur sé í Bakkafirði í Norður-Múlasýslu þann 5. október 1916, einn af sjö systkinum, 5 bræðrum og 2 systrum. Ekki sé vitað um nein tilfelli af geðsjúkdómum í ætt stefnanda. Stefnandi hafi verið pasturslítill og veiklaður á barnsaldri og fjögurra ára gamall hafi hann veikt af berklum og þurft að dveljast á sjúkrahúsi af þeim sökum í samtals 4 ár. Um fermingaraldur hafi stefnandi farið að vinna fyrir sér og stundað meðal annars fiskverkun og sjósókn, þar til hann hafi flust til Reykjavíkur upp úr árinu 1940. Síðan er lýst störfum stefnanda hér syðra, allt þar til hann hafi veikt í byrjun júlímánaðar 1970, en eftir það hafi hann verið óvinnufær vegna bakveiki (ischias) og verið til læknismeðferðar vegna

þess. Þá segir, að stefnandi hafi aldrei verið kvæntur, enda hafi hann forðast bindandi sambönd vegna þess, að hann hafi ekki treyst sér til að taka á sig ábyrgðina á því að stofna heimili og setja börn í heiminn. Kynhvöt hans virtist, eftir því sem næst verði komist, hafa verið eðlilega háttað (heterosexual), en ekkert tiltakanlega sterk. Aldrei hafi hann sýkst af kynsjúkdómi. Þá segir, að stefnanda sé þannig lýst af öllum, sem upplýsingar hafi gefið um hann, að hann sé ákaflega samviskusamur og sérstakt þrúðmenni í framkomu. Með afbrigðum óáreitinn. Engin saga sé um þunglyndi eða oflæti og ekkert, sem bendi til hrörnunar persónuleikans. Síðan segir orðrétt í skýrslu læknisins:

„Frásögn Flosa af samskiptunum við S, sem hann hefur verið kærður fyrir að hafa kynmök við, svo og kynnum hans af öðrum þeim telpum, sem tilnefndar eru í málsskjölum, ber við rannsóknina fullkomlega saman við framburð hans, eins og hann kemur fram í skýrslum lögreglunnar. Kynni hans af telpunum hefjast á þann hátt, að hann fær þær til að sendast fyrir sig eftir nauðsynjum, þegar hann er tæplega rólfær vegna einkenna frá ischiasgigtinni í bakinu. Hann gefur þeim aura fyrir sendiferðirnar og veitir þeim gosdrykk. Hann leyfir þeim að leika með bob-spil, sem hann hefur inni hjá sér. Hann hefur nokkra ánægju og félagsskap af nærveru þeirra. Eftir að hann kom til baka í íbúðina í Gunnarssundi 1, Hafnarfirði, um jólaleytið 1970, komu systurnar S og R nokkrum sinnum til þess að selja honum blöð og sníkja peninga. Eitt sinn voru þær systurnar með ærsl. Rak hann þær þá út, og fór sú eldri með góðu, en S, sú yngri, þráaðist við að fara, og varð hann að taka um úlnliðina á henni og toga hana út. Hún reiddist þá og beit hann í úlnliðinn. Segir hann, að sér hafi virst hún verða, í það skiptið, ofsalega reið. Hann hafði áður fundið inn á, að telpan gat orðið allheiftug, en annars var hún yfirleitt róleg. Þær systur hættu þá um tíma að venja komur sínar til hans, þar til haustið 1970, að sú yngri, S, fór að koma ein. Hann gaf henni einhverja aura fyrstu tvö skiptin, en í síðasta skiptið enga og þá hafi hún sagt: „Þá kæri ég þig bara“. Hann kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir, hvað hún meinti. Hann segir, að sér hafi aldrei dottið neitt kynferðislegt í hug í sambandi við samskipti sín við telpurnar og það hafi aldrei hvarflað að sér, að neinum kynni að þykja eitthvað grunsamlegt við, að telpurnar væru að heimsækja sig. Hann segir, að þær hafi aldrei leitað á sig sexualt eða flangsað utan í sér né hafi þær talað um neina kynferðislega hluti við sig. Hann kveðst hafa orðið mjög

undrandi, þegar hann var tekinn fastur af lögreglunni og heyrði, hverjum sökum hann var borinn. Það hafi fengið mjög á sig, sett sig úr jafnvægi og fyllt sig uppgjafartilfinningu“.

Enn segir orðrétt í skýrslu læknisins:

„Í samtölum virtist Flosi ekki sérlega spenntur nema rétt til að byrja með. Hann er full áttaður á stað og stundu, en virðist sérlega gleyminn. Hann á mjög erfitt með að tímasetja atburði og halda rétttri tímaröð. Hann virðist jafn gleyminn á nýorðna atburði og þá, sem gerst hafa fyrir löngu, og virðist litlu skipta, hvort atburðirnir hafa haft meiri eða minni þýðingu fyrir hann tilfinningalega. Það myndast við hann eðlileg geðtengsl, þótt hann sé nokkuð seinn að mynda þau og eins og á verði í byrjun. Við seinni samtöl er hann frjálslægri en við þau fyrri. Tilfinningar hans virðast hafa eðlilega dýpt. Geðslag virðist nánast hlutlaust. Það eru engin merki um ofskynjanir. Hann kemur ekki fram með neinar ranghugmyndir. Greind hans virðist í góðu meðallagi. Hann virðist eiga erfitt með að tjá reiði eða gremju. Hann talar áberandi vel um alla og ræðst ekki í orði á neinn mann. Árásargirnd hans kemur fyrst og fremst fram í blótsáhersluorðum og „réttlátri“ gremju út í aðstöðu á vinnustað. Þrátt fyrir erfiðleika að tjá tilfinningar sínar, hefur hann ríka þörf fyrir það. Hann er mjög leitandi eftir stuðningi“. Í skýrslunni segir og, að Gylfi Ásmundsson sálfræðingur hafi framkvæmt sálfræðilega rannsókn á stefnanda á tímabilinu 13.—17. desember 1971 og hafi niðurstöður sálfræðingsins verið þessar: „Við rannsókn koma ekki fram einkenni um meiriháttar geðveiki eða truflanir á greindarfari, sem gerðu hann óábyrgan gerða sinna í lagalegum skilningi.

Hann reyndist vera í meðallagi, hvað snerti starfhæfa greind, en eðlisgreind er að líkindum eitthvað hærri. Nýtist honum ekki greind að fullu vegna einbeitingarerfiðleika eða minniháttar skerðingar á andlegum hæfileikum af vefrænum orsökum, nema hvort tveggja sé.

Flosi er haldinn djúpstæðri taugaveiklun, sem rekja má til barnæsku. Einkennist hún mest af þunglyndi og kvíða, en að baki býr rík ófullnægð ástúðar- og geðtengslabörf. Afleiðingar þess eru m. a. kynferðisleg og félagsleg vandamál, sem kynnu að koma fram í löngun til kynferðislegra samskipta við smástelpur. Hins vegar eru tilfinningar hans það djúpar og geðstjórn það góð, að mjög ólíklegt er, að hann myndi leyfa sér slíkt nema við óvenjulegar aðstæður, eins og t. d. undir áfengisáhrifum, og þyrfti þá

trúlega einhver provokation frá hinum aðilanum að koma til. Flosi kemur fyrir sem einlægur og hjálparleitandi maður, og sé ég ekki ástæðu til að rengja framburð hans um sakleysi sitt, nema aðrar líkur fyrir sekt hans komi til“.

Álit Jóhannesar Bergsveinssonar læknis í lok skýrslunnar er svohljóðandi orðrétt: „Flosi Halldórsson er hvorki geðveikur, geðvilltur né fáviti. Hins vegar koma fram hjá honum einkenni djúpstæðrar taugaveiklunar (neurosis), aðallega kvíði, innri spenna og þunglyndi. Auk þess hefur hann einkenni skapgerðartruflunar (karakterneurosis). Kemur það m. a. fram í því, að hann bælir um of eðlilega árásarhvöt (er anti-agressiv), veitist erfitt að taka á sig ábyrgð eða glíma við vandamál. Þessar skapgerðartruflanir hafa hindrað hann í að nálgast nýja einstaklinga og stofna til kunningsskapar við þá og í því að viðhalda tengslum við eldri vini og kunningja. Þessa gætir einnig í sambandi við kynlíf hans þannig, að hann hefur forðast að stofna til varanlegs sambands við konur og ekki treyst sér til að taka á sig ábyrgð á að sjá heimili farborða eða annast uppeldi barna.

Við rannsóknina kemur ekkert fram, sem bendir til þess, að kynlíf hans sé að öðru leyti truflað. Áttun hans á kynlífssviðinu virðist eðlileg (heterosexual). Hann virðist yfirleitt hafa haft kynlífssambönd við fullþroska og þá fremur miðaldra konur.

Greind flosa er í meðallagi, og bendir niðurstaða greindarprófs til þess, að eðlisgreind sé eitthvað meiri en starfhæf greind.

Minni hans er fremur ónákvæmt, og hann á erfitt með að tíma-setja nákvæmlega atburði. Þetta á jafnt við um nýorðna atburði og þá, sem gerst hafa fyrir löngu. Virðist það litlu skipta, hvort þeir voru þýðingarmeiri eða þýðingarminni.

Þessar truflanir á greind og minni gætu hugsanlega verið af völdum byrjandi ellihrönnunar í miðtaugakerfi, en ekki komu fram önnur einkenni hennar við skoðun, í viðtölum eða heila-afriti (EEG).

Tilfinningalíf hans virðist hafa eðlilega dýpt, og geðstjórn hans er góð. Hann neytir að vísu áfengis, en sjaldan og í hófi. Hefur aldrei lent í vandræðum vegna áfengisneyslu, svo vitað sé. Hann fær orð fyrir að vera sérlega áreiðanlegur, samviskusamur, dag-farsprúður, óáreitinn maður, og við rannsóknina kemur ekkert fram, er stríði á móti því áliti.

Flosi Halldórsson hlýtur að teljast sakhæfur.

Þótt ófullnægð ástúðar- og geðtengslapörf af völdum tauga-

veiklunar og skapgerðartruflana hans gæti hugsanlega komið fram í löngun til kynferðismaka við smátelpur, er þess að gæta, að vegna góðrar geðstjórnar er ólíklegt, að hann myndi leyfa sér slíkt, nema þá við óvenjulegar aðstæður. Ég tel því ekki ástæðu til þess að rengja framburð hans um sakleysi, nema miklar líkur fyrir sekt komi til“.

Er stefnandi kom fyrir undirritaðan dómara í áðurnefndu þinghaldi 18. júní sl., staðfesti hann að öllu leyti skýrslur sínar fyrir rannsóknarlögreglu og rannsóknardómara, sem að framan eru raktar. Hann sagðist vera með kölkun og brjós-klos í baki og hafa verið frá vinnu af þeim sökum, þegar rannsókn sakamáls þess, sem mál þetta stafar frá, hófst, og sé það enn. Úrskurður um örorku hans af þessum sökum verði væntanlega kveðinn upp nú í haust.

Hann sagðist hafa tekið út gæsluvarðhaldsvist sína í sama klefa allan tímann í Hafnarfirði. Um aðbúnað þar sagði hann, að verst hafi verið, að svampdýna sú, er hann hafi haft sem hvílustað, hafi verið svo mjúk, að hann hafi af þeim sökum oft verið illa haldinn vegna bakveiki sinnar. Af þeim sökum hafi hann þurft á lækni-shjálpi að halda, en ekki fengið, þótt hann hefði um beðið, þar á meðal sakadómarann, að því er hann endilega minnti. Hann hafi þó aðeins einu sinni beðið um læknishjálpi, en þar sem því hafi verið neitað, hafi hann ekki endurtekið þá bón, enda sé hann ekki slíku vanur. Eftir að hann kom úr gæsluvarðhaldsvistinni, hafi hann leitað læknis, en þó ekki alveg strax, því að hann hafi verið mjög illa haldinn, enda hafi honum stórversnað vegna gæsluvarðhaldsvistarinnar.

Hann sagðist ekki hafa átt þess kost að fara í það gæsluvarðhaldstímann allan, en einu sinni hafi hann fengið leyfi til þess að fara heim til sín og sækja nærföt. Yfirleitt hafi hreinlætisaðstaðan verið léleg, t. d. eitt óhreint handklæði til að þurrka sér á. Stefnandi tók fram, að sængurföt hafi verið teppi, en engin lök eða annað lín. Hann sagðist ekki geta sagt, að hann hefði orðið fyrir neinum tekjumissi vegna gæsluvarðhaldsvistarinnar. Þá sagði hann, að geðrannsókn hans hafi eigi verið lokið, á meðan gæsluvarðhaldsvist stóð. Hann hafi þurft að fara margar ferðir frá Keflavík til Reykjavíkur, eftir að gæsluvarðhaldsvistinni lauk, til þess að geðrannsókn héldi áfram og hefði hann þurft að kosta þessar ferðir sjálfur. Ekki sagðist hann muna, hve margar þessar ferðir hefðu verið, en hann hafi verið ákveðinn í því að láta ljúka geðrannsókninni, enda hafi honum verið sagt, að til þess bæri honum skylda.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi orðið fyrir mjög alvarlegum miska vegna handtöku sinnar, langvarandi gæsluvarðhalds og vegna geðrannsóknar, sem hann hafi orðið að sæta, og hafi gæsluvarðhaldsvistin orðið enn þungbærari, þar sem hann sé sjúklingur og öryrki. Hann eigi því kröfu til bóta úr ríkissjóði samkvæmt heimild í XVIII. kafla laga nr. 82/1961. Hann hafi setið í gæsluvarðhaldi í alls 28 daga, eða í samtals 30 daga, ef með séu taldir bæði dagurinn, sem hann var settur inn í fangaklefa, og dagurinn, sem hann var látinn laus. Hann hafi alla tíð neitað öllum sakargiftum og engar sannanir hafi komið fram í málinu, sem styddu framburð framannefndrar telpu. Á hinn bóginn hafi komið fram atriði, sem styðji framburð hans um, að sakargiftir telpunnar séu rangar. Megi þar helst benda á, að hún hafi engum sagt frá hinum meintu kynmökum áður. Langalvarlegastar séu hinar sálarlegu kvalir, sem hann hafi orðið að þola við það að sitja allan þennan tíma saklaus í gæsluvarðhaldi. Engum blöðum sé um það að fletta, að honum beri ríflegar bætur úr ríkissjóði vegna þess miska, sem hann hafi orðið fyrir. Í því sambandi megi vekja sérstaklega athygli á því, að hann hafi aðeins lítillega verið yfirheyrður, meðan á gæsluvarðhaldsvistinni stóð, og aldrei verið yfirheyrður allan seinni hluta varðhaldstímans, nema þegar honum var sleppt að lokum.

Með bréfi, dags. 11. ágúst 1972, hafi saksóknari felld niður ákæru á hendur honum, en vitneskju um niðurfellinguna hafi hann fyrst fengið í október 1972, eða um 11 mánuðum eftir að rannsókn málsins hafi verið lokið. Þannig hafi hann orðið að bíða lengi í óvissu um endalok málsins.

Til stuðnings sýknukröfunni hefur umboðsmaður stefnda eftirfarandi fram að færa í greinargerð sinni:

„Þótt ég vilji enganveginna neita því, að mistök kunni að hafa átt sér stað í rannsókn þessa máls, sem stefnt er út af, enda líklegast, eftir á skoðað, að stefnandi muni saklaus af verknaði þeim, sem á hann var borinn, þá þarf það ekki endilega að leiða til skaðabótaþrengislu, eins og málavöxtum er háttáð. Viðbrögð lögreglu og rannsóknarvaldsins voru eðlileg, eins og á stóð, og varð að sjálfsgöðu ekki hjá því komist að beita gæsluvarðhaldi. Hitt er annað, að rannsóknin hefði mátt ganga hraðar, en það atriði getur út af fyrir sig ekki valdið bótaskyldu. Verður þetta rakið nánar í munnlegum flutningi málsins.

Til vara er krafist stórfelldrar lækkunar stefnukröfunnar, enda

er hún með öllu órökstudd og ósundurliðuð. Ég tel hugsanlegar bætur aldrei geta farið fram úr 75—100 þús. kr., svo einhverjar fjárhæðir séu nefndar. Stefnandi varð ekki fyrir neinu atvinnu- eða tekjutjóni og þó hann hafi orðið fyrir nokkrum óþægindum, þá má vel til sanns vegar færa, að hann eigi þar nokkra sök sjálfur.

Í máli þessu má annars hafa í huga, að rannsóknin reyndist ekki að ófyrirsynju, þar sem hún leiddi í ljós stórfellt misferli, enda þótt stefnandi ætti þar ekki hlut að máli“.

Í sókn stefnanda, er lögð var fram í þinghaldi 20. júní sl., eru kröfur hans rökstuddar frekar og vitnað til 150. gr. laga nr. 82/1961. Síðan eru talin upp nokkur atriði, sem stefndi telur, að eigi að hafa áhrif á mat dómarans, þegar hann ákvarði stefnanda bætur. Þessi atriði eru svohljóðandi:

„1. Frelsisviptingin sjálf er ákaflega alvarleg. Umbjóðandi minn þurfti að dveljast í eins manns klefa í 30 daga. Hann fékk ekki að sjá dagblöð, útvarp af skornum skammti, heimsóknir fékk hann engar. Þarna þurfti hann að sitja í aðgerðarleysi og leiðindum langan tíma.

2. Sálarangist manns, sem veit sig saklausan, hlýtur að vera mikil reiði gegn þeim, sem valda honum þessari óhamingju, óttinn við að þetta ætli aldrei að taka enda, sérstaklega þegar gæsluvarðhaldsvistin var framlengd um 14 daga til viðbótar, allt hlýtur að hafa mikil áhrif, þegar miskabótafjárhæðin er ákvörðuð.

3. Það er augljóslega mikil smán, sem fylgir því að verða að sitja í gæsluvarðhaldi, sérstaklega svona langan tíma. Gæsluvarðhaldsvistin verkar sem dómur. Almennigur dæmir mann sekan, sem er í gæsluvarðhaldi. Jafnvel þótt saksóknari hafi ekki ákært umbj. minn fyrir neitt brot, þá gerir almenningur það. Fólk hugsar sem svo: Hann hlýtur að vera sekur, það bara sann- æðist ekki. Að minnsta kosti var rannsóknardómarinn alveg viss um sekt hans. Annars hefði hann aldrei úrskurðað hann í gæsluvarðhald. Og meira að segja framlengdi hann gæsluvarðhaldsvistina. Þannig verkar gæsluvarðhald á ímynd almennings, og þetta ber sérstaklega að hafa í huga, þegar miskabætur eru ákvarðaðar. Gæsluvarðhaldið stóð yfir í 30 daga, en smánin hún varir ævilangt.

4. Umbjóðandi minn var úrskurðaður til að sæta geðrannsókn, og þessi geðrannsókn hélt áfram, löngu eftir að gæsluvarðhaldsvistinni lauk. Samkvæmt 151. gr. laga um meðferð opinberra mála er gert ráð fyrir, að menn fái sérstakar miskabætur, vegna

þess að þeir þurfa að sæta geðrannsókn. Í þessu sambandi má benda á, að umbjóðandi minn hefur borið, að hann hafi þurft að fara frá Keflavík til Reykjavíkur margar ferðir á eigin kostnað vegna geðrannsóknarinnar. Þetta er nokkurs konar frelsisskerðing, og ber að hafa þetta atriði í huga við ákvörðun miskabóta.

5. Ég vil benda á, að gæsluvarðhaldsvistin var óþarflega löng. Umbjóðandi minn var ekkert yfirheyrður allan síðari helming tímans, sem hann sat inni.

6. Aðbúnaðurinn í varðhaldinu var óhæfur. Virðast greinilega hafa verið brotnar heilbrigðisreglur. Þannig kom fram, að hann fékk aldrei að fara í bað allan gæsluvarðhaldstímann. Aðeins einu sinni hafði hann fengið leyfi til að fara heim til sín og sækja nærföt og yfirleitt hafði hreinlætisaðstaða verið léleg. Til dæmis eitt óhreint handklæði til að þurrka sér á. Sængurföt hafi aðeins verið teppi, en engin lök eða annað lín.

7. Umbjóðandi minn var sjúklingur á þessum tíma og er það enn. Hann kveðst ganga með kölkun og brjós-klos í baki og hafi verið frá vinnu af þeim sökum, þegar rannsókn sakamálsins hófst. Hann segist hafa tekið út gæsluvarðhaldsvistina í sama klefa í Hafnarfirði allan tímann. Hann segir, að verst hafi verið, að svampdýna sú, sem hann hafi haft sem hvílustað, hafi verið svo mjúk, að hann hafi af þeim sökum oft verið illa haldinn vegna bakveiki sinnar. Af þeim sökum hafi hann þurft á læknishjálpi að halda, en ekki fengið, þó að hann hafi um hana beðið, þar á meðal sakadómarann, að því er hann endilega minnir. Þetta sýnir, að umbjóðandi minn þurfti að sæta sérstaklega harðneskjulegri meðferð í gæsluvarðhaldinu, og ber að hafa þetta í huga við ákvörðun miskabótanna.

8. Samkvæmt gögnum málsins virðist rannsókn málsins hafa verið lokið, að minnsta kosti hvað umbj. minn varðar, 12. desember 1971. Fyrst átta mánuðum síðar felldi saksóknari niður ákæru, en það var ekki tilkynnt umbjóðanda mínum. Ég gróf bréf saksóknara upp í október sama ár, og það var fyrst gegnum mig sem umbjóðandi minn fékk að vita um, að ekki yrði úr neinni málssókn á hendur honum. Þannig þurfti umbjóðandi minn að bíða í óvissu um málalok í 10 mánuði. Þetta er mjög alvarlegt framferði gagnvart umbjóðanda mínum, og ber að hafa þetta í huga við ákvörðun miskabóta.

Í nefndri sókn er þeirri fullyrðingu af hálfu stefnda sérstaklega mótmælt, að viðbrögð lögreglu og rannsóknarvalds hafi verið eðlileg eins og á hafi staðið. Nægilegt hafi verið að yfirheyra

stefnanda og komast þannig strax að raun um, að hann hafi verið saklaus og gæsluvarðhaldsvist því algerlega óþörf. Einnig sé því alfarið mótmælt, að stefnandi eigi nokkra sök á því sjálfur, að hann hafi orðið fyrir óþægindum. Loks er á það bent, að af hálfu stefnda sé því ekki neitað, að mistök hafi átt sér stað í sambandi við mál þetta.

IV.

Svo sem áður er getið, varð útivist af hálfu stefnda í þinghaldi 19. júní sl. Verður þá samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma mál þetta eftir framkomnum kröfum, skilríkjum og sókn stefnanda og með tilliti til þess, sem fram er komið af hálfu stefnda.

Rannsókn sú, er beindist að stefnanda og mál þetta er risið af, var felld niður með bréfi saksóknara ríkisins, dags. 11. ágúst 1972. Af hálfu stefnda er viðurkennt, að mistök kunni að hafa átt sér stað við þá rannsókn, og líklegast talið, að stefnandi muni saklaus af verknaði þeim, sem á hann er borinn.

Gegn staðfastlegum neitunum stefnanda er ósannað, að hann hafi gerst sekur um þann verknað, er var tilefni þess, að hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald, fyrst 14. nóvember 1971 og aftur 28. nóvember s. á., í 14 daga hvort sinn. Af þeim sökum og með tilvísun til þess, sem að framan er rakið, á stefnandi rétt til bóta fyrir gæsluvarðhald að ósekju samkvæmt 150. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 152. gr. sömu laga, er greiðist úr ríkissjóði, sbr. 3. tl. 154. gr. og 155. gr. nefndra laga, enda liggur ekkert fyrir um það, að stefnandi hafi sjálfur átt sök á þeim aðgerðum, sem hann reisir kröfur sínar á.

Þegar virtur er verknaður sá, sem stefnandi var sakaður um, tími sá, er hann sat í gæsluvarðhaldi að ósekju, og aðbúnaður hans þar, með hliðsjón af heilsufari hans, þykja bætur honum til handa að öðru leyti eftir aðstæðum öllum hæfilega ákveðnar kr. 250.000.

Af hálfu stefnanda var sótt um gjafsóknarleyfi við rekstur þessa máls. Í bréfi, dags. 6. desember 1972, sem lagt hefur verið fram í málinu, tekur dómsmálaráðuneytið fram, að samkvæmt ákvæði í 154. gr. laga nr. 82/1961 sé hér um lögbundna gjafsókn að ræða og fari því um greiðslu málskostnaðar í samræmi við ákvæði fyrrnefndrar lagagreinar. Með vísan til greinds laga-ákvæðis á stefnandi rétt á gjafsókn við rekstur máls þessa.

Niðurstaða málsins er þá sú, að fjármálaráðherra f. h. ríkis-

sjóðs verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 250.000 ásamt 7% ársvöxtum frá 12. desember 1971 til greiðsludags, svo sem krafist er í stefnu, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 43.000, en af þeirri fjárhæð hljóti lögmaður stefnanda, Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, kr. 40.000 í máls-sóknarlaun.

Björn Þ. Guðmundsson setudómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Flosa Halldórssyni, kr. 250.000 með 7% ársvöxtum frá 12. desember 1971 til greiðsludags svo og gjafsóknarkostnað, kr. 43.000, þar með talin málflutningslaun lögmanns stefnanda, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. júní 1975.

Nr. 57/1975. Jón Bjarnason
gegn
Valdimar Þórðarsyni.

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Lögmannspóknun. Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Stjórnarmenn í Lögmannafélagi Íslands, hæstaréttarlögmenirnir Guðjón Steingrímsson, Ragnar Aðalsteinsson, Skúli Pálsson og Sveinn H. Valdimarsson svo og Sigurður Georgsson héraðsdómslögmaður, kváðu 2. apríl 1975 upp hinn kærða frávisunarúrskurð.

Sóknaraðili, sem fékk vitneskju um framangreindan úr-